

SVANSUMSÓKN – GÁTLISTI FYRIR HÓTEL OG FARFUGLAHEIMILI

Þetta skjal er gátlisti fyrir gagnasöfnun umsækjenda og kemur ekki í stað viðmiða Svansins heldur ber að líta á sem verkfæri fyrir umsækjendur til að auka yfirsýn yfir þær kröfur sem gerðar eru til sönnunargagna af þeirra hálfu.

Athugið - Ekki er hægt að fullvinna umsóknargögnin án þess að hafa viðmið Svansins einnig til hliðsjónar.

1 ALMENN LÝSING

Skyldukröfur:

O1 Lýsing á hóteli¹

– Skila þarf: Lýsingu á hótelinu samkvæmt skilgreiningu í kröfum.

2 VIÐMIÐUNARGILDI

Viðmiðunargildi eru fjögur: Orkunotkun, vatnsnotkun, efnanotkun og meðhöndlun úrgangs.

Uppfylla þarf viðmiðunargildi fyrir orku ásamt einu öðru.

Skilgreining á næturgesti og daggesti er að finna undir þessum kafla í viðmiðunum.

2.1 Skilgreining á þjónustu

– Skila þarf: Rökstuðningi fyrir því hvaða flokki hótelið tilheyrir (A, B eða C). Þessi flokkun er notuð til mats á eftirfylgjandi punktum:

2.2 Orkunotkun

– Skila þarf: Reikningum sem sýna heildarnotkun á rafmagni og öðru eldsneyti sem er ætlað til rafmagnsframleiðslu eða hitunar. Einnig þarf að greina frá hvort valið hefur verið að miða útreikninga á orkunotkun við fjölda fermetra eða fjölda gistinátta.

2.3 Vatnsnotkun

– Skila þarf: Vatnsreikningi sem sýnir heildarnotkun á vatni fyrir árið. Sérstaka grein skal gera fyrir vatni sem fer til húshitun eða í sundlaugar.

2.4 Notkun kemískra efna

– Skila þarf: Útfylltum Viðauka 2 frá öllum birgjum sem sjá fyrirtækinu fyrir kemískum efnum til þrifa (undanskilin eru sértæk hreinsiefni, efni til þrifa á sundlaugum og uppþvottalögur).

¹ Til hægðarauka verða hótél og farfuglaheimili nefnd einu nafni hótél í þessu skjali.

2.5 Meðhöndlun úrgangs

– Skila þarf: Yfirliti frá móttökustöðvum eða mælingum á úrgangi.

3 UMHVERFISKRÖFUR

3.1 Rekstur og viðhald

Skyldukröfur:

O2 Kælimiðlar

– Skila þarf: Lista yfir kælitæki, frysta, loftræstingar o.þ.h. auk lista yfir kælimiðla eða kælimiðlaskýrslu.

O3 Lýsing

– Skila þarf: Útlistingu á hvernig utanhússlýsingu er stjórnað.

O4 Gufuböð/þurrugufa

– Skila þarf: Útlistið hvernig hitastýringu er háttað.

Punktakröfur:

P1 Greining á orkunotkun

– Skila þarf: Skýrslu utanaðkomandi úttektaraðila eða greinargerð um hana skv. skilgreiningu í kröfum.

P2 Húshitun

– Skila þarf: Útlistun á hlutfalli hita sem kemur frá endurnýjanlegum orkugjöfum á ári hverju. Yfirlit orkufyrirtækis skal staðfesta þetta.

P3 Neysla á rafmagni

– Skila þarf: Útlistun á hlutfalli rafmagns sem kemur frá endurnýjanlegum orkugjöfum á ári hverju. Yfirlit orkufyrirtækis skal staðfesta þetta.

P4 Kælimiðlar

– Skila þarf: Kælimiðlaskýrslu eða lista yfir kælimiðla sem notaðir eru af hótelinu. Þessu er í raun svarað með kröfum O2.

P5 Endurnýting hita

– Skila þarf: Skilgreiningu á hvort og þá hvernig hiti frá loftræstingu o.þ.h. er endurnýttur.

P6 Stýring á loftræstingu og innanhússlýsingu

– Skila þarf: Útlistingu á hvernig loftræstingu/viftum og lýsingu innanhúss er stjórnað.

P7 Notkun á spar-perum

– Skila þarf: Útlistun á hlutfalli af spar-ljósaperum (hefðbundnar flúrperur og LED perur flokkast hér með spar-perum).

P8 Notkun á LED perum.

– Skila þarf: Útlistun á hlutfalli af LED perum.

P9 Salerni

– Skila þarf: Upplýsingum um vatnsnotkun salernistækja (upplýsingarblöð hverrar vöru fyrir sig) ásamt samantekt á hlutfalli tækja sem nota að hámarki 6 lítra af vatni við hverja sturtun.

P10 Salerni

– Skila þarf: Útlistun á fjölda salerna með tvo sturtunarmöguleika.

P11 Blöndunartæki

– Skila þarf: Útlistun á fjölda blöndunartækja með hámarksvatnsflæði 8 eða 10 lítra á mínútu.

3.2 Aðföng og aðbúnaður

Skyldukröfur

O5 Viðgerðir og viðbætur

– Skila þarf: Lýsingu á því hvernig komið verður í veg fyrir að efni (byggingarefni, veggfóður o.þ.h.) sem keypt er inn innihaldi ekki PVC.

O6 Innkaup á vefnaðarvöru

– Skila þarf: Lýsingu á því hvernig komið verður í veg fyrir að ný vefnaðarvar sem keypt er inn innihaldi hættuleg eldvarnarefni (PBDE, PBB).

O7 Innkaup á spar- og flúrperum

– Skila þarf: Lýsingu á hvernig gengið verður úr skugga um að sparperur/flúrperur fyrir einfalda innstungu hafi að lágmarki líftíma sem nemur 10.000 klukkustundum og flúrperur sem fara í tvöfalda innstungu í það minnsta 20.000.

O8 Innkaup á mjúkpappír (munnpurrkur, salernis- og eldhúsrúllur)

– Skila þarf: Lista yfir árleg innkaup. 90% skulu vera umhverfismerkt.

Punktakröfur

P12 Blekhylki

– Skila þarf: Sönnun/verklýsing um hvernig blekhylki eru endurunnin.

P13 Skrifstofuvélar

– Skila þarf: Tölum yfir fjölda skrifstofuvéla sem „hvílast“ milli verka (fara á standby).

P14 Prentgripir

– Skila þarf: Tölum yfir hlutfall umhverfismerktra prentgripa og nöfnum á prentsmiðjum sem sjá um prentun.

P15 Umhverfismerkt sápa og sjampó²

– Skila þarf: Tölum yfir hlutfall herbergja þar sem umhverfismerkt sápa og sjampó er notað ásamt nöfnum á sápu/sjampó, nöfnum birgja og heitum umhverfismerkja.

P16 Margnota sápu- og sjampódætur³

– Skila þarf: Tölum yfir hlutfall baðherbergja sem hafa fjölnota sápu- og sjampódætur á veggjum.

P17 Margnota glös og bollar

– Skila þarf: Engu – athugað við úttekt.

P18 Endurvinnsla á flöskum og kútum (fyrir vatn, gosdrykki, bjór o.þ.h.)

– Skila þarf: Lýsingu á flokkunar- og skilakerfi hótelsins ásamt tölum yfir magn innkaupa.

P19 Vinnufatnaður

– Skila þarf: Umsögn um hvaða vinnufatnaður fer í hreinsun.⁴

P20 Vinnumhverfi

– Skila þarf: Skýrslu Vinnueftirlits um vinnumhverfi.

P21 Kaup á umhverfismerktum neysluvörum

– Skila þarf: Ársyfirliti frá birgjum eða lýsingu á innkaupum umhverfismerktra vara.

P22 Kaup á umhverfismerktum varanlegum vörum (durable goods - stærri vörur sem keyptar eru sjaldan)

– Skila þarf: Ársyfirliti frá birgjum eða lýsingu á innkaupum umhverfismerktra vara.

P23 Umhverfismerkt þjónusta

– Skila þarf: Reikningum frá þjónustufyrirtækjum eða lýsingu á hlutfalli umhverfismerktrar þjónustu.

² Farfuglaheimili skila tölum yfir hlutfall baðherbergja þar sem farfuglaheimilið leggur til sápu/sjampó.

³ Farfuglaheimili skila tölum yfir hlutfall baðherbergja þar sem farfuglaheimilið leggur til sápu/sjampó.

⁴ Sjá „Glossary“ í kröfum um hvað telst hefðbundin hreinsun (traditional dry cleaning).

P24 Sala á sápu, sjampói, hárnæringu (aðeins fyrir farfuglaheimili)

– Skila þarf: Skilgreiningu á innkaupum á sápu, sjampói og hárnæringu til endursölu.

3.3 Herbergi gesta⁵

Skyldukröfur

O9 Reyklaus herbergi

– Skila þarf: Yfirlýsingu á hlutfalli reyklusra herbergja.

Punktakröfur

P25 Sængurföt og handklæði

– Skila þarf: Samantekt yfir hlutfall sængurfatnaðar og handklæða sem eru umhverfismerkt eða unnin úr lífrænt ræktuðum trefjum. Fram þarf að koma nafn birgja ásamt heiti vottunar.

P26 Lýsing

– Skila þarf: Tölum yfir hlutfall lýsingar sem stýrist af hreyfiskynjurum eða annarskonar viðverutengdri stýringu.

P27 Sjónvarpstæki

– Skila þarf: Yfirlýsingu frá birgja eða tæknilegri lýsingu á tækjum og tölum um hlutfall tækja sem uppfylla kröfur um hlutlausa hvíldarstillingu (passive standby setting) uppá 1 W og lifandi hvíldarstillingu (active standby setting) uppá 9 W. Að öðrum kosti er hægt að skila verklagi í umhverfisstjórn sem lýtur að sjónvörpum.

P28 Minibar

– Skila þarf: Tölum um hlutfall herbergja sem hafa minibar ásamt tækniblöðum um barina frá birgjum.

P29 Sturtuhausar

– Skila þarf: Tiltakið hlutfall sturtuhausar sem hafa hámarksvatnsflæði sem nemur 10 eða 12 lítrum á mínútu.

P30 Blöndunartæki með einu handfangi

– Skila þarf: Tölum yfir hlutfall blöndunartækja sem hafa eitt handfang en ekki tvö eða stjórnast af hreyfiskynjara.

⁵ Fyrir farfuglaheimili gilda allar kröfur í þessum kafla einnig um sameiginleg rými svo sem salernisaðstöðu, sturtur og eldhús.

P31 Einnota hlutir

– Skila þarf: Yfirlýsingu á að engir einnota hlutir séu notaðir á herbergjum eða baðherbergjum.

P32 Flokkun

– Skila þarf: Lýsingu á flokkunarmöguleikum sem gestum bjóðast. Annars skoðað við úttekt.

P33 Tunnur fyrir pappír

– Skila þarf: Yfirlýsingu um hvaða baðherbergi hafa tunnu fyrir pappír.

P34 Herbergi aðlöguð að þörfum fatlaðra eða ofnæmissjúklinga

– Skila þarf: Tölum yfir fjölda herbergja sem hafa verið aðlöguð að þörfum fatlaðra eða ofnæmissjúklinga. Annars athugað við úttekt.

3.4 Eldhús og matsalur

Skyldukröfur**O10 Einnota hlutir**

– Skila þarf: Yfirlýsingu um að krafan sé uppfyllt, þ.e. að engir einnota hlutir séu notaðir í eldhúsi og matsal (undantekningar: munnþurrkur, tannstönglar, sætuefni (ekki sykur) og tepokar.

O11 Umhverfismerkt uppþvottaefni

– Skila þarf: Lista yfir efni sem notuð eru í uppþvott og til þurrkunar þar sem hlutfall umhverfismerkra efna kemur fram. Vinsamlegast notið viðauka 2 (Appendix 2, aftast í kröfum).

O12 Uppþvottaefni sem ekki eru umhverfismerkt

– Skila þarf: Lista yfir efni sem notuð eru í uppþvott og til þurrkunar, sjá O11. Vinsamlegast notið viðauka 2 (Appendix 2, aftast í kröfum).

O13 Reyklaus matsalur

– Skila þarf: Matsalur skal vera reyklaust svæði. Kannað við úttekt.

Punktakröfur**P35 Lífrænt ræktuð matvæli og drykkir**

– Skila þarf: Lista yfir lífrænt ræktuð matvæli og drykki. Hægt er að notast við viðauka 2.

P36 Fairtrade vörur

– Skila þarf: Lista yfir vörur sem bera Fairtrade merkið.

P37 Umhverfismerkt uppþvottaefni

– Skila þarf: Sama lista og í O11.

P38 Skammtastærð uppvottaefna

– Skila þarf: Lýsingu á hvernig skammtastærð er stjórnað auk kvittana fyrir úttektum á uppvottavélum ef við á.

3.5 Aukakröfur fyrir hótél með veitingastað

Punktakröfur

P39 Svansmerktur veitingastaður

– Skila þarf: Leyfisnúmeri sé veitingastaður hótelsins Svansmerktur.

P40 Notkun matvæla og drykkja sem eru framleidd á Íslandi⁶

– Skila þarf: Lista yfir vörur sem framleiddar eru á Íslandi og framleiðendur þeirra. Hægt er að nota viðauka 2.

P41 Græmetisfæði

– Skila þarf: Yfirlýsingu um að krafan sé uppfyllt, þ.e. að veitingastaðurinn bjóði upp á einn grænmetisrétt í það minnsta.

P42 Yfirlýsing um erfðabreytt matvæli

– Skila þarf: Lýsingu á hvernig kannað er hvort matvæli innihaldi erfðabreytt efni.

P43 Uppruni helstu hráefna

– Skila þarf: Lýsingu á hvernig gestum eru veittar upplýsingar um uppruna helstu hráefna í mat.

P44 Matur með umtalsverð umhverfisáhrif

– Skila þarf: Yfirlýsingu um að krafan sé uppfyllt, þ.e. að aðeins sú risarækja sem uppfyllir staðla FAO um sjálfbærni eða aðra sambærilega staðla sé á boðstólum.

P45 Aðgerðir til orku- og vatnssparnaðar

– Skila þarf: Lýsingu á aðgerðum sem gripið er til. Tæknilegum upplýsingum um vatnsnotkun uppvottavéla þarf einnig að skila.

3.6 Þrif og þvottur

Skyldukröfur

⁶ Hér er ekki átt við þegar íslensk fyrirtæki pakka inn innfluttum hráefnum.

O14 Sótthreinsiefni

– Skila þarf: Verklýsingu úr umhverfisstjórnunarkerfi um not á sóttthreinsiefnum. Að auki þarf að skila viðauka 2 undirrituðum af birgjum (sjá kröfur fyrir undantekningar).

O15 Umhverfismerkt þvottaefni

– Skila þarf: Lista yfir efni og magn sem notað er af umhverfismerktum þvottaefnum. Vinsamlegast notið viðauka 2.

O16 Þvottaefni sem ekki eru umhverfismerkt

– Skila þarf: Lista yfir efni og magn sem notað er af þvottaefnum sem ekki eru umhverfismerkt. Einnig þarf að skila viðauka 2 undirrituðum af birgjum.

O17 Umhverfismerkt efni til ræstinga

– Skila þarf: Lista yfir umhverfismerkt ræstiefni. Vinsamlegast notið viðauka 2.

O18 Ræstiefni sem ekki eru umhverfisvottuð

– Skila þarf: Lista yfir efni og magn sem notað er af ræstiefnum sem ekki eru umhverfismerkt. Einnig þarf að skila viðauka 2 undirrituðum af birgjum.

Punktakröfur**P46 Þrif án efna**

– Skila þarf: Engu. Athugað við úttekt.

P47 Umhverfismerkt þvottaefni

– Skila þarf: Sama lista og í O15.

P48 Umhverfismerkt efni til ræstinga

– Skila þarf: Sama lista og í O17.

P49 Sængurföt og handklæði

– Skila þarf: Yfirliti eða yfirlýsingu frá þvottahúsi.

P50 Skömmun efna

– Skila þarf: Lýsing á skömmunarkerfi.

P51 Virk efni

– Skila þarf: Skilgreiningu á hvaða efni eru notuð sem hafa meira en 60% virkra efna (minna en 40% vatnsinnihald) og tölum um hlutfall þeirra af heildarefnanotkun.

3.7 Afgangshráefni/sorp

Skyldukröfur

O19 Spilliefni og annar hættulegur úrgangur

– Skila þarf: Engu. Athugað við úttekt.

O20 Flokkun

– Skila þarf: Engu. Athugað við úttekt.

O21 Rafhlöður

– Skila þarf: Engu. Athugað við úttekt.

Punktakröfur

P52 Frekari flokkun

– Skila þarf: Engu. Athugað við úttekt.

P53 Skilapakkningar

– Skila þarf: Lýsingu á hvaða pakkningum er skilað til framleiðanda og yfirliti frá framleiðanda.

P54 Lífrænn úrgangur

– Skila þarf: Lýsingu á meðhöndlun lífræns úrgangs.

3.8 Samgöngur og dreifikerfi

Punktakröfur

P55 Notkun bifreiða

– Skila þarf: Skilgreiningu á bifreiðum sem notaðar eru (hér er einnig átt við bílaleigubíla) og eldsneytistegundir sem þær nota.

P56 Almennings­samgöngur

– Skila þarf: Lýsingu á upplýsingum sem gestum eru veittar um almennings­samgöngur. Athugað við úttekt.

P57 Reiðhjól og hestar

– Skila þarf: Skilgreiningu á hvar og hvernig gestir geta nálgast hjól, hesta eða aðra samgöngukosti. Einnig athugað við úttekt.

3.9 Aukastig fyrir viðmiðunargildi

Punktakröfur

P58 Viðmiðunargildi

– Skila þarf: Engu. Notast er við upplýsingar úr hluta 2 um viðmiðunargildi.

P59 Orkuneysla minni en viðmiðunargildi

– Skila þarf: Engu. Notast er við upplýsingar úr hluta 2.2 um viðmiðunargildi fyrir orkunotkun.

3.10 Auka kröfur fyrir hótél með ráðstefnuaðstöðu**Skyldukröfur****O22 Flokkun**

– Skila þarf: Engu. Möguleikar ráðstefnugesta til flokkunar athugaðir við úttekt.

Punktakröfur**P60 Flokkun**

– Skila þarf: Engu. Möguleikar ráðstefnugesta til flokkunar athugaðir við úttekt.

P61 Skrifblokkir ráðstefnugesta

– Skila þarf: Upplýsingum um hlutfall umhverfismerkra skrifblokka ásamt upplýsingum um tegundir, birgja og umhverfismerki.

P62 Flettisþjöld og pennar

– Skila þarf: Upplýsingum um hlutfall umhverfismerkra flettisþjalda og penna ásamt upplýsingum um tegundir, birgja og umhverfismerki.

P63 Glös

– Skila þarf: Engu. Glös fyrir ráðstefnugesti athuguð við úttekt.

P64 Lífrænt ræktaðir ávextir

– Skila þarf: Tölum um hlutfall ávaxta sem eru lífrænt ræktaðir.

3.11 Aukakröfur fyrir hótél með sund- eða heitar laugar**Punktakröfur****P65 Sótthreinsun lauga**

– Skila þarf: Tæknilegri lýsingu á hvernig vatn lauga er sótthreinsað.

P66 Efni sem sett eru í laugar

– Skila þarf: Lýsingu á skömmtunarkerfi fyrir efni.

P67 Aðstaða fyrir laugar - orkunotkun

– Skila þarf: Skilgreiningu á vatns- og orkumælum sem eru sérstaklega fyrir laugaaðstöðu.

P68 Hitastig lauga

– Skila þarf: Engu. Athugað við úttekt.

3.12 Aukakröfur fyrir hótél með garði

Skyldukröfur

O23 Eiturefni

– Skila þarf: Lýsingu á hvernig illgresi er fjarlægt.

O24 Safnhaugar

– Skila þarf: Lýsingu á hvernig gengið er frá garðúrgangi.

3.13 Aukakröfur fyrir farfuglaheimili

Skyldukröfur

O25 Uppþvottalögur og önnur þvotta-/hreinsiefni

– Skila þarf: Lista yfir þau efni sem gestir hafa aðgang að.

O26 Afgangshráefni/sorp

– Skila þarf: Lýsingu á flokkunaraðstöðu gesta. Einnig kannað við úttekt.

3.14 Umhverfisstjórnun

Skyldukröfur

O27 Skipulag og ábyrgð

– Skila þarf: Töflu sem gefinn er upp í kröfum, útfylltri. Ábyrgðarmaður fyrir markaðssetningu þarf einnig að undirrita viðauka 1 (Appendix 1, aftast í kröfum).

O28 Aðgerðir til að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif starfseminnar

– Skila þarf: Lýsingu á aðgerðaáætlun.

O29 Lagalegar skyldur

– Skila þarf: Umsóknareyðublaði Svansins undirrituðu.

O30 Upplýsingar um starfsfólk

– Skila þarf: Staðfestingum á þátttöku starfsmanna í þjálfun er viðkemur innleiðingu og starfi í samræmi við kröfur Svansins. Verktakar sem taka þátt í daglegu starfi hótelsins verða að geta sýnt fram á samskonar staðfestingu á þjálfun.

O31 Upplýsingar um Svaninn og umhverfismál fyrir gesti

– Skila þarf: Eintaki af upplýsingum sem veittar eru gestum um Svaninn, umhverfisstjórn hótelsins og hvað gestir geta gert o.þ.h. Einnig hægt að kanna við úttekt.

O32 Stöðugar mælingar

– Skila þarf: Engin skil en verkferlar verða að vera til fyrir mánaðar- og árlegar mælingar á viðmiðunargildum samkvæmt kröfum. Athugað við úttekt.

O33 Skrásetning gagna fyrir Svaninn

– Skila þarf: Öll gögn er varða Svaninn verða að vera til reiðu fyrir úttekt. Kannað við úttekt.

O34 Orkufrek rafmagnstæki og þjónustubækur

– Skila þarf: Lista yfir orkufrek rafmagnstæki. Þá þarf að halda þjónustubók fyrir tækin og er hún skoðuð við úttekt.

O35 Meðferð kemískra efna

– Skila þarf: Lista yfir öll kemísk efni sem notuð eru ásamt leiðbeiningum um meðferð þeirra. Mögulega verður óskað eftir afriti af verkferlum fyrir innri úttekt fyrir þetta.

O36 Árleg eftirfylgni

– Skila þarf: Engu við umsókn. Umhverfisstofnun mun kalla eftir gögnum árlega og koma í heimsóknir eftir þörfum.